

38. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar fimmtudaginn 3. nóvember 2011, kl. 15:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Rekstur Blönduósbæjar janúar – september 2011**
 - 2. Fjárhagsáætlun 2012 – 1. fundur**
 - 3. Fundargerðir:**
 - a) Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 19. ágúst 2011**
 - b) Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 7. október 2011**
 - c) Brunavarna A-Hún frá 25. október 2011**
 - 4. Erindi frá Farskólanum dags. 18. október 2011**
 - 5. Erindi frá Kvennaathvarfinu frá október 2011**
 - 6. Erindi frá Ingibjörgu Kristjánsdóttir dags. 17. október 2011**
 - 7. Bréf frá Sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytinu dags. 26. október 2011**
 - 8. Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 25. október 2011**
 - 9. Húsnæðismál**
 - 10. Beitarhólf**
 - 11. Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

- 1. Rekstur Blönduósbæjar janúar – september 2011**

Fjármálastjóri mætti á fundinn og kynnti rekstur Blönduósbæjar fyrstu 9 mánuði ársins.
- 2. Fjárhagsáætlun 2012 – 1. fundur**

Farið var yfir gjaldskrár Blönduósbæjar 2012.

Kl. 16:00 mætti Hilmar Hilmarsson bæjarfulltrúi á fundinn meðan Zophonías Ari Lárusson þurfti að víkja af fundi.

Kl. 17:00 mætti Zophonías Ari á fundinn og Hilmar vék af fundi.

Gjaldskrár Blönduósbæjar 2012 ræddar. Bæjarráð lagði til breytingar á gjaldskrá. Unnið er með fyrstu tillögur. Fjármálastjóra falið að færa þær í fyrstu drög að fjárhagsáætlun.

Fjármálastjóri yfirgefur fundinn.

3. Fundargerðir:

a) Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 19. ágúst 2011

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 7. október 2011

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Brunavarna A-Hún frá 25. október 2011

Á aðalfundi Brunavarna A-Hún kom fram óánægja Blönduósþæjar með kostnaðarskiptingu innan brunavarna. Bæjarráð fagnar því að stjórn brunavarna stefni á endurskoðun kostnaðarskiptingar fyrir áramót.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. Erindi frá Farskólanum dags. 18. október 2011

Farskólinn óskar eftir árlegum rekstrarstyrk fyrir árið 2012 að upphæð kr. 163.000.

Bæjarráð samþykkir erindið.

5. Erindi frá Kvænnaathvarfinu frá október 2011

Samtök um kvænnaathvarf óska eftir kr. 100.000 styrk.

Bæjarráð samþykkir kr. 25.000.

6. Erindi frá Ingibjörgu Kristjánsdóttir dags. 17. október 2011

Óskað er eftir styrk fyrir rekstur Ósbæjar.

Bæjarráð hafnar erindinu en bendir á að mögulegt sé að sækja um styrk til menningar-og félagsstarf fyrir fjárhagsáætlunargerð 2012 sem er til umsóknar 15. nóvember 2012.

7. Bréf frá Sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytinu dags. 26. október 2011

Með bréfi þessu vill sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytið gefa sveitarstjórnnum kost á að sækja um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2011/2012.

Bæjarstjóra falið að sækja um byggðakvóta fyrir hönd sveitarfélagsins.

8. Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 25. október 2011

Umhverfisaráðherra hefur falið Skipulagsstofnun að vinna tillögu að landsskipulagsstefnu 2012-2024. Skipulagsstofnun mun leggja fram hugmyndir

til kynningar og umræðu og leita eftir ábendingum og tillögum frá samráðsvettvangi við mótun landsskipulagsstefnu.

Lagt fram til kynningar.

9. Húsnæðismál

Bæjarráð samþykkir að setja Garðabyggð 16a á söluskrá.

10. Beitarhólf

Bæjarráð úthlutar Hjálmari Þór Aadnegaard, Mýrarbraut 37, 540 Blönduósi, beitarlandi H18.

11. Önnur mál

Bæjarráð ræddi málefni Háskólasetursins á Blönduósi og viðræður Blönduósbæjar við menntamálaráðuneytið um endurnýjun samnings.

Bæjarstjóra falið að vinna áfram að málinu.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 19:30

*Kári Kárason (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)